

1860

Fimmtudaginn 28. október 1993.

Nr. 218/1993. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

X

(Atli Gíslason hrl.).

Naugun. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði héraðsdómi í heild sinni til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 149. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Af hálfu ákærvaldsins var málinu áfrýjað með stefnu 19. maí 1993 til þyngingar á refsingu.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Ákærði og kærandi málsins þekktust ekki, þegar fundum þeirra bar saman fyrir utan Glæsibæ að afloknum dansleik þar aðfaranótt 4. júlí 1992. Kærandi skýrði svo frá fyrir héraðsdómi, að ákærði hefði sagst vera á bíl og boðið sér far, en þegar til kom, hefði svo ekki verið, heldur hefði hann kallað á leigubíl og boðið sér með. Kærandi þáði boð ákærða. Hún greindi frá því, að á leiðinni hefði hún samþykkt að fara heim með ákærða í því skyni að þiggja áfengi. Hún sagði, að hann hefði komið vel fyrir, og ekki hafi „hvarflað að henni, að hann hafi haft neitt kynferðislegt í huga“.

Ákærði og kærandi höfðu samfarir á heimili ákærða. Þau greinir mjög á um það, með hverjum hætti það hafi borið til, en þau voru bæði talsvert ölvuð. Ákærði hefur staðfastlega haldið því fram, að samfarir þeirra hafi verið með vilja og samþykki kæranda, en hún hafi síðar reiðst, þar sem hann hafi ekki átt áfengi, og farið að rífast. Kærandi hringdi til lögreglu kl. 5.20, og kom Haukur Ásmundsson aðstoðarvarðstjóri fyrstur á vettvang innan fárra mínútna. Að sögn hans var ákærði þá rólegur og neitaði sakargiftum, en kærandi var grátandi og mjög miður sín.

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram, að engin merki voru um það í íbúðinni, að átök hefðu þar átt sér stað. Ljósmyndir af vettvangi staðfesta þetta. Þá kemur þar og fram, að fót kæranda hafi verið órifin, en engin frekari rannsókn virðist þó hafa farið fram á fatnaði hennar.

Benedikt Sveinsson læknir skoðaði kæranda að morgni 4. júlí 1992. Í vottorði hans segir meðal annars: „Hún er ekki með neina sjáanlega áverka á höfði, hálsi, brjóstum né brjóstkassa. Kviður er eðlilegur. Hún er aftur á móti með talsverða áverka á lærum. Utanvert á hægri læri er 5 - 7 cm aumur marblettur og þar fyrir neðan talsvert klóruð og rispuð húðin. Smárispur innanvert á hægri læri. Innanvert á vinstra læri er allstórt svæði, 20 x 12 cm, þar sem húðin er öll rifin eins og eftir neglur og með smáum marblettum. ... Niðurstaða: Talsverðir áverkar á lærum ... Áverkar þessir eru ferskir og greinilega ekki nema nokkurra klukkustunda gamlir og koma heim og saman við frásögn konunnar, að „reynt hafi verið að klessa út lærunum og klóra“. Enga áverka er hins vegar að sjá á kynfærunum sjálfum.“ Fyrir héraðsdómi kvað læknirinn þessa áverka samrýmast frásögn kæranda og lagði áherslu á, að um væri að ræða klór eftir neglur, en áverkarnir á hægri læri væru eins og eftir högg, enda væru það marblettir.

Ákærði hefur neitað því að hafa veitt kæranda nokkra áverka. Hann sagði fyrir dómi, að samfarirnar hefðu staðið lengi yfir, „og gætu áverkarnir stafað af því, að hann hafi tekið um hné á konunni, þegar hún lyfti upp lærunum“. Þessi skýring var borin undir Benedikt Sveinsson lækni fyrir héraðsdómi, og kvaðst hann „engan dóm vilja leggja á þá skýringu, en ekki geta útilokað hana“.

III.

Eins og fram er komið, bentu aðstæður á vettvangi ekki til þess, að átök hefðu átt sér stað. Fatnaður kæranda var ekki heldur til marks um, að harðræði hefði verið beitt. Þótt kærandi hafi borið nokkra áverka, þykja þeir ekki veita óyggjandi vísbendingu um, að hún hafi sætt nauðung af hálfu ákærða. Læknir treysti sér ekki til að útiloka skýringu ákærða á þeim, og verður að miða við, að þeir kunni að eiga sér eðlilegar orsakir. Smávægilegar ákomur á

ákærða, sem lýst er í héraðsdómi, skipta ekki máli í þessu sambandi. Hið sama er um örorku kæranda og ákærða.

Með hliðsjón af þessu og þegar atvik málsins eru virt í heild, þykir varhugavert að telja það sannað gegn eindreginni neitun ákærða frá upphafi rannsóknar málsins, að hann hafi gerst sekur um þann verknað, sem í ákæru greinir, sbr. 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Ber því að sýkna hann af refsikröfu ákæruvaldsins. Með þeirri niðurstöðu verður bótakröfu kæranda vísað frá dómi, sbr. 3. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 170.000 krónur.

IV.

Nokkrir annmarkar eru á rannsókn þessa máls. Skýrslur voru ekki teknar af eiginmanni kæranda, sem var með henni á skemmtistaðnum, eða nábýlisfólki ákærða, þótt kærandi hafi borið, að hún hafi kallað á hjálp út um baðherbergisglugga. Ekki var farið fram á blóðtöku til ákvörðunar á áfengismagni í blóði kæranda, og fót hennar virðast ekki hafa verið rannsökuð sérstaklega. Þá koma fram staðhæfingar í auðkennum rannsóknargagna Rannsóknarlögreglu ríkisins þess efnis, að nauðgun hefði verið framin umrætt sinn. Það er ámælisvert og brýtur í bága við grunnreglur laga um meðferð opinberra mála varðandi hlutlægni rannsóknarvalds.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, er sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu. Skaðabótakröfu Y er vísað frá dómi.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmans, samtals 170.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. apríl 1993.

Ár 1993, föstudaginn 30. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í mál-

inu nr. S-185/1993: Ákærvaldið gegn X, sem tekið var til dóms 28. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. mars 1993, á hendur ákærða, X [...], fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 4. júlí 1992 í íbúð ákærða tvívegis þröngvað konunni K [...] til holdlegs samræðis með ofbeldi. Er þetta talið varða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992. Gerð er krafa um, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Þá gerir konan kröfu til 500.000 króna miskabóta úr hendi ákærða.

Málavextir.

Laugardagsmorguninn 4. júlí sl. kl. 5.20 hringdi kona úr [...] til lögregluunnar í Reykjavík og sagði, að húsráðandi þar hefði nauðgað sér. Lögreglumenn fóru að sinna þessu. Fyrstur þeirra á vettvang var Haukur Ásmundsson aðstoðarvarðstjóri, sem var í bíl í nágrenninu. Kveðst hann hafa kallað á aðra lögreglumenn til aðstoðar og farið á vettvang. Kveðst hann telja, að ekki hafi liðið nema um tvær mínútur, frá því að hann heyrði kallið frá stöðinni, til þess að hann var kominn á vettvang. Hinir lögreglumennirnir hefðu komið á að giska fimm mínútum á eftir sér. Hafi verið opið inn í íbúðina, og hitti hann þar fyrir ákærða, sem hélt á buxum sínum, og konuna K [...], sem hafi legið á sæng á forstofufugólfi í rauðum jakka einum fata. Kveður hann konuna hafa verið grátandi og erfitt verið að skilja hana fyrir gráti og ekka, en hún hafi þó sagt, að ákærði hefði nauðgað sér. Ákærði hafi verið mjög rólegur og neitað því, að hann hefði nauðgað konunni, og sagt, að samfarirnar hefðu verið með vilja hennar, og boðist til að koma á lögreglustöðina. Á lögreglustöðinni hafi konan skýrt frá því, að hún hefði hitt manninn í Glæsibæ, og hefði maðurinn boðið sér heim og upp á drykk. Hefði maðurinn ráðist á sig og klætt sig úr að neðan. Fyrst hefði þessi nauðgun verið inni í herbergi, en síðar, eftir að sér hafði tekist að komast fram, hefði hann haldið þessu áfram í forstofunni á sæng. Konan hafi talað um, að hún hefði verið hrædd við manninn. Þá hafi hún talað um, að hún hefði komist í símann, meðan ákærði hefði verið á salerninu. Vitnið kveðst telja, að konan hafi verið töluvert ölvuð. Þá hafi hún verið mjög miður sín og ekki orðið viðræðuhæf, fyrr en hún var búin að fá kaffibolla á lögreglustöðinni. Lögreglumaðurinn kveðst muna eftir einhverjum buxum af konunni við klósettdyrnar og einhverjum armböndum á sænginni.

K hefur í aðalatriðum skýrt svo frá, að eftir dansleik í Glæsibæ hafi hún farið þaðan út ásamt manni sínum. Hún kveðst hafa verið búin að drekka fjóra einfalda gin um kvöldið og verið kennd. Manni sínum hafi dvalist eitthvað þarna fyrir utan við það að tala við ókunnugt fólk, og

kveðst hún hafa misst sjónar á honum. Hafi þá komið til sín maður og boðist til að aka sér heim, þar sem hann væri með bíl til umráða þarna við húsið. Hafi hún þegið boð mannsins, þar sem hún vildi komast heim, en þegar til kom, hafi þetta ekki reynst rétt, heldur hafi maðurinn tekið leigubíl. Í bílnum hafi maðurinn boðið sér að koma með sér heim og fá í glas og hún þegið það, þar sem maðurinn hafi verið kurteis og hún talið það óhætt. Hún kveðst hafa sest í sófa í stofunni hjá manningnum. Hún kveðst hafa minnt hann á boð hans, en þá hafi komið í ljós, að hann átti ekkert áfengi. Hafi hún þá beðið hann að hringja á leigubíl fyrir sig. Maðurinn hafi þá staðið upp og gengið að sér, tekið um handlegg sér, ýtt sér aftur á bak og reynt að kyssa sig og svo lyft sér upp úr sófanum. Hann hefði byrjað eða reynt að afklæða hana og dregið hana inn í svefnherbergi, en hún streist á móti. Hafi hún orðið mjög hrædd og gefist upp fljótlega. Hann hafi lagt hana á bakið niður í rúm sitt og sleppt tókum á henni og rífið sig úr öllu, en á meðan hafi hún legið á bakinu, lömuð af hræðslu, og ekki reynt að forða sér í burtu. Hann hafi svo rífið hana úr nærbuxum og ytri buxum, sem voru úr teygjuefni, í einu handtaki og svo jakka og bol, sem einnig var úr teygjuefni. Hafi hann lagst ofan á sig, reynt mikið til þess að glenna í sundur fótleggina á sér með annarri hendi og líkamsþunga sínum og haldið sér fastri með hinni hendinni. Á endanum hafi hún gefist upp og hann getað glennt í sundur fætur hennar og stýrt lim sínum inn í leggöngin. Hafi hann viðhaft samfarahreyfingar. Ekki kveðst hún geta sagt, hve lengi þær stóðu, en sér hefði fundist það langur tími. Hafi hann sí og æ verið að tala um, að sér yrði ekki sáðfall, og kveðst hún vera viss um, að það hafi ekki orðið. Meðan á þessu gekk, hafi hún barist um, grátið og hrópað á hjálp, og einnig hafi hún beðið hann að hætta þessu, en hann ekki sinnt því og hlegið. Hún hafi svo gert sig blíðlega og sagt við hann, að hún væri komin í spreng og yrði að pissa. Hann hafi þá hætt og staðið upp og fróað sér fyrir framan hana. Hún hafi staðið upp og farið fram á salerni, allsnakin, en maðurinn fylgt sér eftir og fróað sér. Hún hafi læst salerninu á eftir sér, en hann beðið við dyrnar. Hún hafi ætlað að fara út um gluggann, en ekki getað það, þar sem hann var svo lítill. Hún hafi þá kallað á hjálp. En þegar maðurinn hafi heyrt það, hafi hann orðið „brjáláður“ og skipað sér að opna. Hafi hann sagt, að það væri ekkert mál fyrir sig að opna. Hafi hún þá opnað og farið fram á ganginn. Hafi ákærði staðið þar og verið að fikta í kynfærum sínum, en hún hafi farið inn í herbergið og náð í fötin og farið með þau fram í stofu og farið að klæða sig í þau. Á meðan hafi maðurinn sótt sængina inn í svefnherbergið og lagt á stofugólfið og sagt, að hún fengi ekki að fara, fyrr en hann væri „búinn að fá úr honum“. Hafi hann þrifið í sig og skellt sér ofan á sængina. Hafi hann haldið sér niðri með annarri hendi, en rífið sig úr nærbuxun-

um með hinni. Hafi hann svo glennt í sundur fætur hennar með þeirri hendi og sett liminn inn í hana. Hafi hann hafið samræðishreyfingar og reynt mikið til þess að fá fullnægingu, en ekki tekist og sífellt verið að blóta yfir því. Hafi hún þá sagt við hann, að hann yrði að fara fram og pissa fyrst til þess að geta það, og hafi hann þá staðið upp og farið fram á salernið. Á meðan hafi hún komist í síma þar í stofunni og hringt í lögregluna. Maðurinn hafi komið inn og séð sig með símtólið í hendi og spurt, hvert hún væri að hringja. Þegar hún sagði honum það, hefði hann farið inn í svefnherbergi og klætt sig í fót og sett upp hálsbindi. Hafi hann verið orðinn fullklæddur, þegar lögreglumenn komu, og hafi hann opnað fyrir þeim. Sjálf hafi hún verið grátandi og að klæða sig í nærbuxurnar, þegar lögreglan kom. Maðurinn hafi verið sakleysið uppmálað og sagt, að hann skildi ekki, hvaða læti þetta væru.

K er 75% öryrki og kveðst vera með brjóskrýrnun í baki og herðum, sem leiði af sér máttleysi í handleggjum og herðum. Hafi ákærði átt alls kostar við sig af þeirri ástæðu.

Fram hefur komið hjá konunni, að atburðurinn hafi dregið dilk á eftir sér fyrir hana. Hún hafi orðið þunglynd, hrædd og geti ekki lifað eðlilegu kynlífi eftir þetta.

Ákærði hefur í meginatriðum skýrt svo frá, að hann hafi hitt konuna fyrir utan Glæsibæjarhúsið. Hafi þau bæði verið ölvuð og farið saman í leigubil. Hann segist ekki muna, hvað þeim hafi farið á milli í leigubílnum, en telur þó, að þau hafi ekkert verið að „kela“ í bílnum, en þau hafi faðmast fyrir utan húsið og jafnvel kysst þar, áður en þau fóru inn. Hafi þau gengið, sem leið lá, inn í svefnherbergið og sest á rúmstokkinn og talað saman. Þau hafi svo farið að láta vel hvort að öðru, og síðan hafi þau afklæðst hvort í sínu lagi. Þau hafi svo lagst upp í rúm og farið að kyssast, og hafi hún legið á bakinu, en hann ofan á henni. Hann hafi sett fætur sína á milli fóta konunni án mótþróa. Hafi hann sett einn fingur inn í kynfæri hennar og svo getnaðarliminn. Þau hafi haft samfarir í um hálf tíma og konan virst hafa ánægju af, því að hún hafi tekið undir samfarahreyfingarnar. Hafi hún strokið honum um bakið og hann henni einnig svo og um mjaðmir hennar. Ákærði neitar því að hafa haldið höndum hennar. Hafi hún legið á bakinu, en þó geti verið, að þau hafi legið á hliðinni líka. Hann viti ekki, hvort konan hafi fengið fullnægingu, en hann hafi haldið það, þar sem hún hafi aukið hreyfingarnar og stunið. Sjálfur hafi hann ekki fengið sáðfall, og kennir hann það ölvun sinni. Eftir samfarirnar hafi hann staðið upp og hún beðið sig að gefa sér í glas og átt við áfengi. Hann hafi fært henni vatnsglas, þar sem hann hafi ekkert áfengi átt, og hafi þá fokið í hana og farið að rifast út af þessu. Hún hafi staðið upp og farið að klæða sig og farið í einhverja rauðlita flík að ofan og nærbuxur, en

ekki ytri buxur. Hafi hún farið þannig búin fram í eldhús og þaðan inn á salerni og eftir nokkra stund inn í stofu og spurt um símann, því að hún ætlaði að hringja. Hann hafi vísað henni á símann og rétt henni símaskrá. Áður en hún hringdi, hefði hún spurt um heimilisfangið og hann sagt henni það. Hann hafi farið inn í svefnherbergi, klætt sig í nærbuxur og nærskyrту og ekki heyrt, hvert hún hringdi. Hafi hann sveipað sænginni um axlir sér og sest frammi í „holinu“. Konan hafi gengið um gólf, æst í skapi, og farið að skamma sig. Hafi henni gramist mest, að hann skyldi ekki eiga áfengi handa henni. Meðan hann sat þarna í stólnum, hefði dyra-
bjöllunni verið hringt og hann staðið upp, farið inn í svefnherbergi og klætt sig í síðar nærbuxur utan yfir þær stuttu og séð út um rúðu í útihurðinni, að lögreglan var komin og beið fyrir utan. Hann hafi lokið upp, en þegar lögreglumennirnir voru komnir inn, hefði konan verið sest á gólfið í „holinu“ og sagt þeim, að hann hefði nauðgað sér, og virst vera reið. Hefði hann mótmælt þessu við lögreglumennina. Ákærði kveðst ekki geta skýrt áverkana á konunni að öðru leyti en því, að samfarirnar hafi staðið lengi, og gætu þeir stafað af því, að hann hefði tekið um hné henni, þegar hún lyfti lærunum. Að því er áverka á sér sjálfum varðaði (sbr. hér á eftir), hefði hann farið í sjómann við fjóra menn í Ölveri fyrr um nóttina.

Benedikt Sveinsson, læknir á kvennadeild Landspítalans, skoðaði konuna, eftir að hún kom á deildina kl. 7.50 þennan morgun. Á henni var að sjá eftirtalda áverka: Marblett og klór og rispur utanvert á hægri læri og smárispur innanvert á lærinu. Á vinstra læri innanverðu var húðin öll rifin líkt og eftir neglur og með smáum marblettum á 20x10 cm stórum bletti. Áverkar þessir voru að mati læknisins ferskir og greinilega ekki meira en nokkurra klukkustunda gamlir. Leit að sæði bar ekki árangur.

Ákærði gekkst undir læknisrannsókn á slysa- og bæklunarlækningadeild Borgarspítalans, en þangað kom hann kl. 17.38 4. júlí. Samkvæmt sjúkraskrá deildarinnar sáust þessir áverkar á ákærða: Hrufl vinstra megin á enni, rispa við hægri herðablað, rákir yfir og mar undir vinstra herðablaði og loks roði á rist hægri fótar yfir réttisin stóru táar. Ekki sást áverki á getnaðarfærum. Í blóði hans mældust 1,72% af vínanda.

Niðurstaða.

Ákærði og K hafa verið staðföst í skýrslum sínum um öll meginatriði málsins. Ákærði hefur ekki gefið trúverðuga skýringu á áverkunum á konunni, og benda þeir sterklega til þess, að hún hafi sætt valdbeitingu við samræðið. Frásögn hennar nýtur auk þess stuðnings af vætti Hauks Ásmundssonar aðstoðarvarðstjóra, og er ekki neitt það í málinu, sem veikir hana. Verður að þessu athuguðu að telja sannað, að ákærði hafi tvisvar þessa nótt þröngað konunni til samræðis með ofbeldi. Hefur hann með

Þessu orðið sekur um brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 40/1992.

Miskabótakrafa K þykir ekki vera óhófleg, og ber með heimild í 264. gr. almennra hegningarlaga að taka hana til greina og dæma ákærða til þess að greiða henni 500.000 krónur í skaðabætur.

Viðurlög.

Ákærði hefur ekki sakaferil, sem þýðingu hefur fyrir mál þetta. Þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, og málsvarnarlaun til verjanda síns, Atla Gíslasonar hrl., 70.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði greiði K 500.000 krónur í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, og málsvarnarlaun til verjanda síns, Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.
